

Leikmannastefna Þjóðkirkjunnar Ísafjarðarkirkju
31. ágúst til 2. September 2018

Fundargerð

Þann 4. júlí 2018, sendi biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir út bréf/tölvupóst þar sem boðað var til Leikmannastefnu Þjóðkirkjunnar 31. ágúst til 2. september á Ísafirði og dagskrá stefnunnar fylgdi.

32. Leikmannastefna Þjóðkirkjunnar
haldin í Ísafjarðarkirkju

Föstudagur 31.ágúst 2018

09.00 Lagt af stað frá Hallgrímskirkju

12.30 Komið til Hólmavíkur, kirkjan skoðuð

Ísafjarðarkirkja

17.30 Setning Leikmannastefnunnar
Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir

18.00 Ísafjarðarkirkja – Staðarkynning Sr. Magnús Erlingsson, prófastur Vestfjarðaprófastsdæmis og sóknarprestur Ísafjarðarprestakalls. Einnig verður farið í skoðunarferð og móttöku um Neðsta kaupstað í boði bæjarstjórnar Ísafjarðar.

21.00 Kvöldverður í Tjöruhúsinu í boði Vestfjarðarprófastsdæmis

Laugardagur 1. september 2018
Ísafjarðarkirkja, safnaðarheimili

09.30 Kosning fundarstjóra og skipun ritara
Skýrsla leikmannaráðs og reikningar
Formaður leikmannaráðs, Marínó Þorsteinsson
Umræður.

10.00 Ný sýn
Guðmundur Þór Guðmundsson skrifstofustjóri
Biskupsstofu/kirkjuþingsmaður
Umræða

- 11.00 Sagan endalausá um sóknargjöld
Einar Karl Haraldsson, gjaldkeri Hallgrímssóknar
Opin umræða
- 12.00 Léttur hádegisverður – safnaðarheimili Ísafjarðarkirkju
- 13.00 Í faðmi Upplýsingartækninnar
Hermann Björn Erlingsson, verkefnastjóri Biskupsstofu
Fyrirspurnir
- 14.00 Umhverfisstefna Þjóðkirkjunnar, Björn Erlingsson
Umræða
- 15.00 Kaffiveitingar
- 15.15 Ályktanir og önnur má
- 15.30 Slit Leikmannstefnu
- 15.45 Umhverfisbíltúr ca. einn og hálfur tími
- 18.30 Hátíðarkvöldverður í Einarshúsi Bolungarvík

Sunnudagur 2. september 2018

- 11.00 Guðsþjónusta í Suðureyrarkirkju við Súgandafjörð
- 12.00 Brottför heim

1. Setning Leikmannastefnunnar

Biskup setti Leikmannastefnu 2018 með helgistund og organisti Ísafjarðarkirkju frumflutti lag eftir sig. Biskup þakkaði leikmönnum fyrir framlag þeirra til Guðs kristni í landinu og bað Guð að blessa þau og Leikmannastefnuna.

Magnús Erlingsson sagði frá Ísafjarðarprestakalli og sögu kirkjunnar. Farið var í skoðunarferð og móttöku um Neðsta kaupstað í boði bæjarstjórnar Ísafjarðar. Kvöldverður í Tjöruhúsinu í boði Vestfjarðarprófastsdæmis

Laugardagur 1. september 2018
Ísafjarðarkirkja, safnaðarheimili

2. Kosning fundarstjóra og skipun ritara

Marinó Þorsteinsson formaður leikmannaráðs bauð alla velkomna og þakkaði biskupi hlý orð í garð leikmannastefnufulltrúa. Fundarstjóri var kosinn Reynir Sveinsson, Kjalarnesprófastsdæmi. Fundarritarar voru kosnir Elfa Björk Bragadóttir, Vesturlandsprófastsdæmi og Magnhildur Sigurbjörnsdóttir, framkvæmdarstjóri leikmannaráðs. Reynir Sveinsson bauð alla velkomna og fulltrúar kynntu sig.

Á þessari Leikmannstefnu sátu um 40 fulltrúar og gestir (sjá fylgiskjal 1).

3. Skýrsla Leikmannaráðs og reikningsuppgjör

Marinó Þorsteinsson, formaður leikmannaráðs, flutti skýrslu leikmannaráðs og greindi frá reikningsuppgjöri 2017 (sjá fylgiskjal 2). Skýrslan og reikningsuppgjör vegna 2017, voru borin upp og samþykkt samhljóða. Nokrar umræður opnuðust eftir skýrsluna.

4. Ný sýn

Guðmundur Þór Guðmundsson skrifstofustjóri Biskupsstofu og kirkjuþingsmaður setti fram ákveðnar hugmyndir er varða kirkjuna. Helstu áhersluþættir hans eru; jafnræði, ráðdeild og skynsemi. Í lokin ræddi hann um nýjar hugmyndir um sameiningu. prestrakalla.

Varðandi jafnræði þá ætti að vera jafnræði milli presta og leikmanna. Fyrirhafnarlítill hlunnindi ættu að renna til kirkjunnar en ekki sumra presta á prestssetrum. Réttlátari kjördæmaskipan þyrfti að taka upp við kosningu til kirkjuþings og innleiða ætti almennan kosningarétt félagsmanna. Í dag er erfitt að fá fram prestkosningu en til þess að það náist þarf 25 % félagsmanna að skrifa undir á aðeins 2 vikum erfitt í stórum sóknum.

Hann vill ræða þá hugmynd að fækka kirkjubingsfulltrúum úr 29 í 21 eins og var, en þeim var fjölgað árið 2006, nánast í upphafi hruns þegar starfsfólki kirkjunnar var víða sagt upp m.a. á Biskupsstofu, laun lækkuð eða starfshlutfall og dregið úr þjónustu og rekstri. Selja ætti eignir og endurskoða embættiskostnað presta.

Skynsamlegt væri að einfalda starfsumhverfi sóknarnefnda t.d. þannig að þeim væri veitt meira svigrúm til að skipa málum sjálfum t.d. hvað varðar kosningar í sóknarnefndir. Mikilvægt væri að kirkjan styrkti almanantengsl sín til muna. Síðan ræddi Guðmundur um fyrirhugaðar sameiningar prestakalla samkvæmt tillögum biskupafundar sem lagðar hafa verið fram. Nokkur umræða varð um þetta erindi (sjá fylgiskjal 3.) og var góður rómur gerður að því.

5. Sagan endalausar um sóknargjöld

Í upphafi erindis síns minnti Einar Karl Haraldsson, varaformaður og gjaldkeri Hallgrímssafnaðar, á að Leikmannastefna hefði í fyrra skipað nefnd þriggja fulltrúa úr sínum hópi, og tvo til vara, til þess að eiga viðræður við fjárlaganefnd, fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra um nauðsyn þess að sóknargjöld fengju að vera óskert á næstu árum. (Sjá ályktun Leikmannastefnu 2017). Haft var samband við ýmsa fjárlaganefndarmenn og endurspegladist sú vinna m.a. í hvatningu meirihluta fjárlaganefndar til ríkisstjórnar um að klára heildarendurskoðun fjárhagslegra samskipta ríkis og kirkju fyrir fjárlagagerð 2018.

Ekki gekk það eftir og 28. febrúar 2018 gengu nefndarmenn á fund Sigríðar Andersen dómsmálaráðherra sem hafði sér til fulltingis helstu embættismenn. Auk nefndarmanna Leikmannastefnu var óskað eftir því að Oddur Einarsson, framkvæmdasjóri kirkjuráðs, og Gísli Jónasson, prófastur og formaður fjárhagsnefndar kirkjubings, sætu fundinn. Fundurinn tókst með ágætum og voru skoðanaskipti opin og hreinskiptin. Viðurkenndi ráðherra að allir útreikningar kirkjunnar um skerðingu á sóknargjöldum miðað við sóknargjaldalög væru í meginatriðum réttir. Um það væri enginn ágreiningur að „svínað hefði

verið“ á söfnuðum eins og ráðherra orðaði það. Hún teldi að í ríkisstjórn væri hljómgrunnur fyrir því að klára endurskoðun fjárhagslegra samskipta ríkis og kirkju á árinu, og hún stefndi að því að afstaða ríkisins og tillögur myndu liggja fyrir á haustmánuðum. Hún tók fram að í hennar huga væri mikilvægt að hafa allt undir, kirkjugarðalög, kirkjujarðasamkomulagið, sóknargjaldalögin og sjóði þjóðkirkjunnar. Varðandi sóknargjöldin myndi söfnuðir þjóðkirkjunnar ekki fá sínum kröfum fullnægt heldur mætti ætla að mest yrði á miðri leið.

Í sjö ár samfelld hefur Alþingi árlega vikið til hliðar lögbundnum útreikningi á hlutdeild í tekjuskatti sem ætlaður er til trúfélaga og lífskoðunarfélaga og þannig framkallað umtalsverða lækkun á sóknargjöldum. Í þremur skýrslum sem gerðar hafa verið á vegum þriggja innanríkisráðherra hefur verið leitt í ljós að eftir bankahrún og hremmingar í efnahagsmálum 2008, hafi sóknargjöld verið skert um 25% umfram það sem undirstofnanir innanríkisráðuneytisins máttu þola eftir hrúnið.

Lög um sóknargjöld eru með þeim hætti að gert er ráð fyrir að trúfélög og lífskoðunarfélög gangi í gegnum þrengingar eins og gerist og gengur hjá landsmönnum og njóti þess síðan er vel gengur í efnahagslífi. Viðmiðið er raunhækkun meðaltekjuskattsstofns milli ára en rökstuðningur fyrir nauðsyn þess að víkja frá þessum mælikvarða hefur skort. Af hálfu fjármálaráðuneytisins hefur því að vísu verið haldið fram að „afráðið“ hafi verið eftir hrún að lækka „umtalsvert“ framlög til trúfélaga. Hvergi er þó að finna í ráðuneytum stafkrók um það hver og hvar og með hvaða rökum þetta var afráðið.

Árin 2013 og 2014 hófst framkvæmd áætlunar um að rétta við sóknargjöldin á fjórum árum. Við afgreiðslu fjárlaga árið 2015 var hún stöðvuð og þess krafist af hálfu þáverandi innanríkisráðherra að fram færi heildarendurskoðun á fjárhagslegum samskiptum ríkis og kirkju, þar með talið á sóknargjöldum, og var til þess sett nefnd ráðuneytisstjóra á vegum ríkisins. Ekkert bólar á niðurstöðu þótt meirihluti fjárlaganefndar hafi lagt áherslu á það síðastliðið vor að hún lægi fyrir við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2018..

Kirkjan lét af hendi fornan tekjustofn gegn hlutdeild í tekjuskatti 1987 og og fornan eignahöfuðstól 1997 gegn gagngjaldi í formi tiltekinna embætta og starfsmanna þjóðkirkjunnar. Hvorutveggja hugsað sem liður íviðleytni til þess að tryggja sjálfstæði og sjálfræði trúfélaga, auka aðgreiningu milli ríkis og trúfélaga, og veita trúfélögum fyrirsjáanleika og stöðugleika.

Þetta var eingöngu tæknileg breyting vegna einföldunar í skattkerfinu og staðgreiðslu opinberra gjalda. Trúfélög héldu áfram sjálfstæðum skattstofni og óbreyttum tekjum eins og margtekið var fram af hálfu ríkisstjórnar á sínum tíma.

Sóknargjaldalögin frá 1987 bættu mjög hag sókna. Reynslan sýnir hinsvegar að breytingarnar 1987 og 1997 hafa flækt fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju og auðveldað ríkinu að grípa inní.

Einar Karl greindi frá því á Leikmannastefnunni að Einar Hannesson, aðstoðarmaður dómsmálaráðherra, hefði tjáð sér að ráðuneyttisstjórnarnir þrír, sem settir voru af hálfu ríkisstjórnar til þess að ræða við þjóðkirkjuna um endurskoðun fjárhagslegra samskipta ríkis og kirkju, hefðu nú fengið umboð ríkisstjórnar til þess að leggja vissar tillögur fyrir viðræðunefnd þjóðkirkjunnar. Sagði hann að í raun hefði slíkt samkomulag legið fyrir milli embættismanna síðan sl. vor, en vegna sumarfría og annars, hefði ekki verið hægt að leggja minnisblað um málið fyrir ríkisstjórn, fyrr en nú í haust. Líkt og dómsmálaráðherra sagði 28. febrúar sl. reyndist vilji vera til þess í ríkisstjórninni að klára málin.

Það hefur semsagt allt staðist sem ráðherrann sagði á fundinum þess að hún ætlaði að leggja fram heildartillögu um kirkjujarðasamkomulag, sjóði, kirkjugarðalög og sóknargjöld nú í haust.

Líklegt er að áhersla ríkisins verði á það að kirkjan fái tiltekna upphæð til ráðstöfunar og ráði svo sjálf hvernig hún ver henni í laun, hús og rekstur. Starfsmenn kirkjunnar yrðu þá allir á sama grunni og ekki lengur ríkisstarfsmenn. Ekkert er á þessu stigi vitað hvernig fer með

sjóðina sem tengdir eru sóknargjöldunum, héraðssjóð og jöfnunarsjóð, né aðra sjóði. Þar er væntanlega allt miðað við að gera kirkjugarðalögin og sóknargjöldalögin almenn, og henda út úr þeim öllu sem snertir Þjóðkirkjuna sérstaklega. Hvar því verður fyrir komið, í heildarsummunni til kirkjunnar, eða annarsstaðar, veit nú enginn.

Fjárlagafrumvarp sem lagt hefur verið fram gerir ekki ráð fyrir neinni breytingu á sóknargjöldum til hins betra. Hinsvegar gæti orðið um lagfæringu að ræða ef samningar ganga saman milli ráðuneytisstjóra og viðræðunefndar fyrir kirkjuþing.

Það er hagur sóknarfólks að samningar gangi hratt fyrir sig en ólíklegt að sú verði raunin enda um stórt og flókið mál að ræða.

Í umræðum eftir erindið kom fram að efla ætti leikmannastefnuna og hún ætti að vera málsvari fyrir sóknir frekar en að stofna enn eitt sóknarsambandið en það hefur verið reynt tvisvar sinnum. Hefur kirkjan íhugað að fara í mál við ríkið varðandi vangoldina sóknargjalda. Svarið var að það væri ekki hægt skv. lögum.

Hádegisverður

6. Ísafjarðarkirkja

Sigríður Lára Guðmundsdóttir sóknarnefndarformaður Ísafjarðarsóknar sagði okkur frá kirkjunni og starfinu þar.

7. Í faðmi Upplýsingartækninnar

Hermann Björn Erlingsson, verkefnastjóri Biskupsstofu kynnti nýjan Þjónustuvef kirkjunnar og kynnti þær breytingar sem hafa orðið á mannahaldi sem tengdist vefnum og öðrum málum sem varð almannatengsl á Biskupsstofu.

Til stendur að loka gamla vefnum með haustinu og taka þann nýja að fullu í gagnið. Markmiðið væri færa kirkjuna í vef sem virkar, sem nær til sóknarnefnda, presta og starfsmanna og leikmanna með

markvissari hætti.

(Sjá fylgiskjal 4). Í fyrirspurnum kom fram að sóknir þurfa að sjá um að halda við sínum vefsíðum. Þurfi meiri samræmingu í þeim efnum.

8. Umhverfisstefna Þjóðkirkjunnar

Björn Erlingsson sem er í umhverfishópi þjóðkirkjunnar var með kynningu á umhverfisstefnu þjóðkirkjunnar og aðgerðaráætlun 2018 -2020.

Hann sagði að þetta væri stærsti siðfræðivandi samtímans. Breytingar á vistkerfi jarðar og þá sérstaklega á loftslagi eru að verða stærsta ógn við lífið á jörðinni. Er siðbótin svarið við umvandanum? Hversvegna er umhverfisstefna þjóðkirkjunnar? Vegna þess meðal annars það er í samræmi trúarskilnings okkar og stöðu í sköpunarverki Guðs og samfélags ábyrgð við náungan og framtíð samfélagsins. Ný umhverfisstefna var samþykkt á kirkjuþingi 2017. Aðgerðaráætlun 2018-2020 Það var meðal annars gefin út handbók um umhverfisstarf í söfnuðum og í kirkjustarfi. Björn afhenti þessa handbók og kynnti. Búið verður til vefsvæði og kirkjan stundi siðræn viðskipti(Fair Trade). Einnota plastmálum verður útrýmt úr safnaðarstarfi. Græn skref í ríkisrekstri.

Umræður urðu nokkrar. Hvernig verður þessu skilað til sóknanna? Farið verður á héraðsfundi og einnig kynnt á Biskupsstofu Af hverju er verið að búa til bækling er ekki hægt að hafa þetta á netinu. Einnig urðu nokkrar umræður um kolefnisjöfnun. Ákveðið var að álykta um þessi mál og leggja það undir önnur mál.(Sjá fylgiskjal 5)

Kaffiveitingar

9. Önnur mál

Lögð var fram ályktun um Umhverfismál kirkjunnar og var hún samþykkt samhljóð eftir nokkrar umræðu og lagfæringar. Flutningsmenn voru Einar Karl Haraldsson, Marinó Þorsteinsson og

Björn Erlingsson.

Leikmannastefna þjóðkirkjunnar 2018, haldin í Ísafjarðarkirkju

31. ágúst til 2. september.

Ályktun um loftslagsmál

„Leikmannastefna fagnar nýrri umhverfisstefnu kirkjunnar og hvetur yfirstjórn og söfnuði hennar til þess að hefja aðgerðir sem draga úr vistspori safnaðarstarfs.

Leikmannastefna [2018] brýnir stjórnvöld á Íslandi til dáða og lýsir yfir eindregnum stuðningi við vinnu að aðgerðaráætlun vegna loftslagsmála á Íslandi. Mikilvægt er að Íslendingar standi að fullu við alþjóðlegar skuldbindingar sínar í loftslagsmálum.

Þá hvetur Leikmannastefna söfnuði til að leggja rækt við trúarlíf sem þroski siðferðis- og trúarvitund um stöðu mannsins og hlutverk

varðandi verndun umhverfis og náttúru í samfélagi manna og þjóða.“

Einnig vaknaði umræða um fjölskylduþjónustu kirkjunnar. Rætt var um nauðsyn þess að henni væri skapaður tryggari sess í starfi kirkjunnar og bæta þjónustu hennar.

Það kom fram tillaga um að endurskoða sjóði kirkjunnar, svo að þeir gætu þjónað sem lánasjóður fyrir fjárfestingaverkefni sókna og nýta arð af eignum og hlunnindum til að byggja upp innra starf í sóknum.

Margrét Eggertsdóttir kvað sér hljóðs með frásögn af starfinu „Vinir í bata „og greindi frá öflugum og fjölbreyttu starfi víða um land og á höfuðborgarsvæðinu. Starfið er góð viðbót við 12 sporakerfið og

hentar í mörgu betur fyrir þá sem glíma við veikindi og aðra erfiðleika en fíkniefni.

11. Slit á Leikmannastefnunni

Marinó Þorsteinsson sleit Leikmannastefnunni, og þakkaði öllum fyrir góða stefnu.

Eftir stefnuna var farið í umhverfisbíltúr um Ísafjörð en farastjóri var Agnes M. Sigurðardóttir biskup. Góður rómur var gerður af þessari skoðunarferð.

Um kvöldið var farið til Bolungarvíkur og borðað í Einarshúsi.

Á sunnudeginum var sótt messa á Suðureyri við Súgandafjörð. Snædd var súpa á Holti við Önundarfjörð og síðan var haldið heim á leið.